

Lífheimur og efnisheimur.

I.

Í erindi sínu um efnisheiminn (5. apríl) veik Steinþór Sigurðsson magister vel að þeim vanda sem nú steðjar að tilraunum stærðfræðinganna og eðlisfræðinganna til að skapa visindalega heimsmynd. En vandinn stafar af því að þessi visindalega heimsmynd er líflaus. Og bjargráðin eru í því fölgín, að uppgötva lífið á stjörnunum og koma þannig líffræðinni í samband við heimsfræðina. Með því er hafin stórkostlegri framfaraöld í visindum en verið hefir áður. Þeim sem rita sögu visindanna, síðar meir, mun þykja mjög frásagnarvert, hversu illa hefir gengið að koma auga á þetta. Gáfulegar bækur hafa verið ritaðar um framtíðarhorfur visindanna og jafnvel reynt, af góðri visindalegri þekkingu, að gíska á framfarastefnu visindanna um næstu hundrað ár, en hvergi hefi eg séð koma fram neinn grun um það, á hverju aðalframförin muni hefjast. Og þú hefir þegar verið sagt frá hinni visindalegu uppgötvun lífsins á stjörnunum. En því hefir ekki verið nægi-

lega gaumur gefinn. Eða öllu heldur, menn hafa verið sljóir gagnvart því, að þarna er um visindalega uppgötvun að ræða. Mér hefir þó tekist að fá prentaða í tímariti með heimsútbreiðslu, setningu einsog þá, að hver miðilfundur sé tilraun til sambands við lífið á stjörnunum. En þeir sem annars hafa veitt þessu eftirtekt, virðast hafa litið svo á, sem þarna sé aðeins um ágiskun að ræða, sem engin þörf sé á að taka mjög alvarlega. Og mun þó tíminn leiða í ljós, að þarna er um sannvisindalega uppgötvun að ræða, alveg óyggjandi staðreynd, sem hafa mun hin mestu áhrif á alla hagi þeirra sem þessa jörð byggja.

II.

En þó að sljóleikinn sé mikill hér á jörðu og fastheldni við rangar hugmyndir, þá leynir sér ekki mikill áhugi framliðinna á að koma oss hérnáminn í skilning um hinn mjög svo áriðandi

*Þessi Samundagblað
18 apríl 1937*

sannleika. Hið síðasta, sem eg hefi séð getið um af því tagi, er í bók eftir Mrs. Rhys Davids, sem heitir „What is your Will“, og þekki eg hana þó, því miður, aðeins af frásögn í „Light“ 11. mars s. l. eftir Prevost Battersby. Höfundur bókarinnar er fræg lærdómskona, sem með Fást getur sagt: Heisse Magister, heisse Doktor gar, hún er D. Litt. og M. A. Er það eftirtektarvert, að annar maður sem framliðnum tókst betur en vanalega að fræða um sitt sanna eðli, Dr. George Coates, hafði gengið mjög langa mentabraut og gat sett aftan við nafnið sitt bæði M. D. (doktor medicinæ) og M. A. Það sem framliðinn vinur frú Rhys Davids segir við hana, er framúrskarandi ljóst og ótvírætt: „We are of flesh and blood as you are. If we cut ourselves we bleed. We are the very live human men: Vér erum af holdi og blóði gerðir eins og þér eruð. Ef vér skerum okkur, þá blæðir úr. Vér erum mjög svo lifandi menskir menn.“ Það er í augum uppi, að þarna er verið að segja frá því, að framliðnir sé í undirstöðuatriðum gagnlíkir því sem þeir voru í lífinu hér á jörðu, og heimkynni þeirra hlýtur þá að vera jarðstjarna, einsog áður. Svo er að sjá af frásögninni í „Light“, sem hin mikla lærdómskona hafi ekki veitt neina verulega eftirtekt þessum stórmerkilega fróðleik um ásigkomulag framliðinna sem henni var í té lát.

inn, og hefir henni þá farið líkt og Dr. Coates, sem virðist heldur ekki hafa vaknað verulega við þýðingu þessara tíðinda af lífinu eftir dauðann, sem framliðnum frændum hans og vinum, eftir langvinnar tilraunir tókst að koma til hans. Dr. Coates hafði fengið Sir Oliver Lodge, sem telja má einna fremstan allra spíritista sem nú eru uppi, til að rita formála fyrir bók sinni, og er það bert, að Sir Oliver hefir ekki veitt því neina eftirtekt hversu bókin er merkileg, eða öllu heldur, vegna hvers bókin er svo merkileg. Svo fjarri er, jafnvel hinum lærðustu og vitrustu mönnum, sú hugsun, að framhald lífsins sé viðfangsefni liffræði og stjörnufræði. En þó er ekkert það, sem meiri þýðingu hafi fyrir framtíð mannkynsins en að þetta verði mönnum ljóst. Þá fyrst þegar það verður, munu visindin komast úr kútnum, og geta orðið hin óbrigðula og ávalt bjartar og bjartar lýsandi leiðarstjarna á framfarabraut mannkynsins.

Helgi Pjeturss.

Leiðrétting.

Í greininni Upprof hafði misprentast, Maqués f. Marqués; originalite f. originalité, og nú færi f. nú fari.

H. P.